

104
29. des.

REGLUGJÖRÐ

um

verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Samkvæmt lögum nr. 38, 20. júní 1923, hefir atvinnu- og samgöngu- málaráðuneytið sett eftirfarandi ákvæði um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra o. fl.

1. gr.

Vörur þær, sem um ræðir í reglugjörð þessari, eru í tjeðum lögum skilgreindar eins og hjer segir:

Smjör þýðir feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig að strokkaður er litaður eða ólitaður rjóminn eða mjólk og afurðin hnoðuð, söltuð eða ósöltuð.

Smjörlíki telst alt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það, og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.

Rjómalíki kallast feitijafningur sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu líkist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostalíki kallast ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta tilkynninguna í Lögbirtingablaðinu á kostnað framleiðanda. Framleiðandi skal hafa framleiðslubók, sem skráð eru í öll þau efni sem notuð eru, og greina skal þungahlutföll hráefnanna í framleiðslubókinni og skrá í hana daglega.

Hlutaðeigandi lögreglustjóra skal heimill aðgangur að framleiðslubókunum, og skal hann öðru hvoru athuga, hvort í þær er skráð samkvæmt áðurgreindum fyrirmælum. Lögreglustjóri hefir einnig aðgang að öllum hráefnum, sem notuð eru í vörutegundir þær, sem nefndar eru í fyrstu grein þessarar reglugjörðar, og getur látið rannsaka þau, er honum þykir ástæða til, á kostnað framleiðanda.

3. gr.

Hver sá sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal hafa vottorð frá hlutaðeigandi hjeraðslækni um að framleiðsluhúsakynnin sjeu vel nothæf og fullnægi í öllum greinum nauðsynlegum hreinlætis-

skilyrðum. Ennfremur verður framleiðandi að hafa vottorð hjeraðslæknis um, **104**
 að þeir sem vinna að framleiðslunni hafi ekki neina næma sjúkdóma eða ill- 29. des.
 kynjaða hörundskvilla, og skulu slík læknisvottorð send lögreglustjóra á hverju
 misseri, ásamt vottorði um hreinlætisástand við framleiðsluna, er gefið sje
 af hjeraðslækni eða heilbrigðisfulltrúa. Þóknun fyrir læknisvottorð er fram-
 leiðanda skylt að greiða.

4. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar sem smjörgerð er höfð um hönd,
 og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna. Leyft er að hafa alt
 að því 5% af smjörfeiti í smjörlíki, en bönnuð er sala á smjöri, sem blandað
 er með smjörlíki, eða þeim feitiefnum, sem notuð eru til smjörlíkisgerðar,
 hvort sem er jurtafeiti eða dýra.

5. gr.

Bannað er að framleiða og versla með smjörlíki, sem litað er með
 anilínlitarefnum, eða blandað er nokkrum þeim efnum, sem óheilnæm geta
 talist. Ennfremur er bannað að versla með, hvort heldur er innlent eða er-
 lent smjörlíki, sem blandað er með bórsýru, salicylsýru eða öðrum efnum, sem
 ætluð eru til þess að verja það skemdum, enda má aðeins nota matarsalt í
 þeim tilgangi. Sömu ákvæði gilda einnig um aðrar vörutegundir, er reglugjörð
 þessi fjallar um.

6. gr.

Í öllu smjörlíki, hvort sem það er framleitt hjer eða innflutt frá
 útlöndum, skal að minsta kosti 10% af feitinni vera sesamolía. Sömu ákvæði
 gilda um rjómalíki og mjólkurlíki, en í ostalíki skal 5% af feitinni vera
 sesamolía.

7. gr.

Í smjörlíki má ekki vera meira en 16% af vatni.

8. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal skráð orðið „Smjörlíki“ ásamt
 nafni verksmiðjunnar. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, með þeirri
 undantekningu, að fyrir orðið smjörlíki má vera orðið „Margarine“, en á
 umbúðunum sje jafnan skráð orðið „útlent“ með greinilegu lettri. Ákvæði
 þessi gilda einnig þegar smjörlíki er selt í lausri vigt í sölubúðum.

Sje smjörlíki selt mótað, hvort heldur er innlent eða aðflutt, skal þungi
 skökunnar vera $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{2}$, eða 1 kg., og þetta skráð á umbúðirnar.

9. gr.

Bönnuð er sala á rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðin: „Rjómalíki“, „Mjólkurlíki“ eða „Ostalíki“. Auk þess skal feitimagn og þurefni skráð á umbúðirnar. Sömu ákvæði gilda um samskonar erlendar vörutegundir, að því undanskildu, að á umbúðunum má áletrunin vera á erlendu máli.

10. gr.

Lögreglustjóra ber að hafa eftirlit með verksmiðjum þeim, sem búa til vörur þær, sem um ræðir í þessari reglugjörð. Til tryggingar því, að ákvæðum hennar sje framfylgt, skal hann, auk þess sem fyrir er mælt í 2. gr., við og við taka sýnishorn af smjörlíki eða öðrum áðurgreindum vörutegundum og láta rannsaka þau á kostnað framleiðanda á efnarannsóknastofu ríkisins. Sýnishorn skulu tekin að óvörum, og eigi sjaldnar en einu sinni á hverju misseri.

11. gr.

Brot gegn fyrirmælum reglugjörðar þessarar varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

12. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1924.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.